

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2006

frá 27. janúar 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2005 frá 2. desember 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/27/EB frá 12. janúar 2005 að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB um gæði bensíns og díseildsneytis, um hvernig ber að skilja hæfilega jafnt aðgengi í landfræðilegu tilliti að blýlausu bensíni og dísilólíu með brennisteinsinnihaldi að tilteknu hámarki ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir 9. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF

Samningsaðilarnir taki mið af efni eftirtalinna gerða:

10. **32005 H 0027:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/27/EB frá 12. janúar 2005 að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB um gæði bensíns og díseildsneytis, um hvernig ber að skilja hæfilega jafnt aðgengi í landfræðilegu tilliti að blýlausu bensíni og dísilólíu með brennisteinsinnihaldi að tilteknu hámarki (Stjtið. ESB L 15, 19.1.2005, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2005/27/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. janúar 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 10, 23.2.2006, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 15, 19.1.2005, bls. 26.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. janúar 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.